ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 20

11. árgangur

22.4.2004

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

| | | |
|---|---|---|
| 2004/EES/20/01 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn | 1 |
| 2004/EES/20/02 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn | 3 |
| 2004/EES/20/03 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn | 5 |
| 2004/EES/20/04 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn | 7 |
| 2004/EES/20/05 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn | 8 |
| 2004/EES/20/06 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn | 9 |
| 2004/EES/20/07 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn | 10 |
| 2004/EES/20/08 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn | 11 |
| 2004/EES/20/09 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn | 12 |
| 2004/EES/20/10 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn | 13 |
| 2004/EES/20/11 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn | 14 |

2004/EES/20/12 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 17

2004/EES/20/13 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 18

2004/EES/20/14 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 19

2004/EES/20/15 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 21

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 1/2004** **2004/EES/20/01**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2001 frá 28. september 2001 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Með tilskipun 2003/37/EB er felld úr gildi frá 1. júlí 2005 tilskipun ráðsins 74/150/EBE ([3]) sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum.

4) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 98/38/EB ([4]), 98/39/EB ([5]), 2002/2/EB ([6]) og 2001/3/EB ([7]), sem hafa verið felldar inn í samninginn sem breytingar á tilskipun 74/150/EBE, skulu færðar undir aðgreinda liði í II. kafla II. viðauka við samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

II. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Textinn í 1. lið (tilskipun 74/150/EBE) falli niður 1. júlí 2005.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 23. lið (tilskipun ráðsins 89/173/EBE):

„24. **398 L 0038**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/38/EB frá 3. júní 1998 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/151/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna hluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum (Stjtíð. EB L 170, 16.6.1998, bls. 13).

25. **398 L 0039**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/39/EB frá 5. júní 1998 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 75/321/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum (Stjtíð. EB L 170, 16.6.1998, bls. 15).

26. **32000 L 0002**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/2/EB frá 14. janúar 2000 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 75/322/EBE varðandi aðgerðir gegn rafsegultruflunum frá hreyflum með neistakveikju í landbúnaðardráttarvélum á hjólum og tilskipun ráðsins 74/150/EBE varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum (Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 23).

27. **32001 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/3/EB frá 8. janúar 2001 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/150/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum og tilskipun ráðsins 75/322/EBE um deyfingu rafsegultruflana frá hreyflum með neistakveikju í landbúnaðardráttarvélum á hjólum (Stjtíð. EB L 28, 30.1.2001, bls. 1).

---

([1]) Stjtíð. EB L 322, 6.12.2001, bls. 10 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 8.
([2]) Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 84, 28.3.1974, bls. 10.
([4]) Stjtíð. EB L 170, 16.6.1998, bls. 13.
([5]) Stjtíð. EB L 170, 16.6.1998, bls. 15.
([6]) Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 23.
([7]) Stjtíð. EB L 28, 30.1.2001, bls. 1.

28. **32003 L 0037**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE (Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 16. mgr. í köflum A, B og C í I. hluta III. viðauka:

„– Ísland: …“

„– Liechtenstein: …“

„– Noregur: …“

b) Eftirfarandi bætist við 16. mgr. í köflum A og B í II. hluta III. viðauka:

„– Ísland: …“

„– Liechtenstein: …“

„– Noregur: …“ “

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/37/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2004/EES/20/02**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 2/2004

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2003 frá 26. september 2003 ([1]).

2) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2003 frá 5. desember 2003 ([2]).

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/525/EB frá 18. júlí 2003 um frestun á framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/36/EB að því er varðar tiltekinn færanlegan þrýstibúnað ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

II. viðauki við EES-samninginn breytist sem hér segir:

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6b (tilskipun ráðsins 1999/36/EB) í VIII. kafla:

„6c. **32003 D 0525**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/525/EB frá 18. júlí 2003 um frestun á framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/36/EB að því er varðar tiltekinn færanlegan þrýstibúnað (Stjtíð. ESB L 183, 22.7.2003, bls. 45).“

*2. gr.*

XIII. viðauki við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 17g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB) breytist í lið 17h.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 17f (tilskipun ráðsins 1999/36/EB):

   „17g. **32003 D 0525**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/525/EB frá 18. júlí 2003 um frestun á framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/36/EB að því er varðar tiltekinn færanlegan þrýstibúnað (Stjtíð. ESB L 183, 22.7.2003, bls. 45).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42c (tilskipun ráðsins 1999/36/EB):

   „42d. **32003 D 0525**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/525/EB frá 18. júlí 2003 um frestun á framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/36/EB að því er varðar tiltekinn færanlegan þrýstibúnað (Stjtíð. ESB L 183, 22.7.2003, bls. 45).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/525/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 16 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 12.
([2]) Stjtíð. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 59 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 18.
([3]) Stjtíð. ESB L 183, 22.7.2003, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 3/2004** **2004/EES/20/03**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2003 frá 5. desember 2003 ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1084/2003 frá 3. júní 2003 um athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa sem lögbært yfirvald aðildarríkis gefur út fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýralyfjum ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1085/2003 frá 3. júní 2003 um athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýralyfjum sem falla undir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93 ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/63/EB frá 25. júní 2003 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB um bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([4]) skal felld inn í samninginn.

5) Með reglugerð (EB) nr. 1084/2003 er felld úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 541/95 ([5]) sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum.

6) Með reglugerð (EB) nr. 1085/2003 er felld úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 542/95 ([6]) sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XIII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Textinn í liðum 15j (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 541/95) og 15k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 542/95) falli brott.

2. Eftirfarandi bætist við í lið 15q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB):

   „ , eins og henni var breytt með:

   – **32003 L 0063**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/63/EB frá 25. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 159, 27.6.2003, bls. 46)."

3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 15q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB):

   „15r. **32003 R 1084**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1084/2003 frá 3. júní 2003 um athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa sem lögbært yfirvald aðildarríkis gefur út fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýralyfjum (Stjtíð. ESB L 159, 27.6.2003, bls. 1).

   15s. **32003 R 1085**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1085/2003 frá 3. júní 2003 um athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýralyfjum sem falla undir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93 (Stjtíð. ESB L 159, 27.6.2003, bls. 24)."

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1084/2003 og 1085/2003 og tilskipunar 2003/63/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 10.
([2]) Stjtíð. ESB L 159, 27.6.2003, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 159, 27.6.2003, bls. 24.
([4]) Stjtíð. ESB L 159, 27.6.2003, bls. 46.
([5]) Stjtíð. EB L 55, 11.3.1995, bls. 7.
([6]) Stjtíð. EB L 55, 11.3.1995, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

2004/EES/20/04

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 4/2004**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2003 frá 5. desember 2003 ([1]).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/70/EB frá 17. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum mekóprópi, mekóprópi-P og própíkónasóli ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/565/EB frá 25. júlí 2003 um framlengingu tímabilsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/79/EB frá 13. ágúst 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu *Coniothyrium minitans* ([4]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32003 L 0070**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/70/EB frá 17. júlí 2003 (Stjtíð. ESB L 184, 23.7.2003, bls. 9),

– **32003 D 0565**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/565/EB frá 25. júlí 2003 (Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 40),

– **32003 L 0079**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/79/EB frá 13. ágúst 2003 (Stjtíð. ESB L 205, 14.8.2003, bls. 16).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/70/EB og 2003/79/EB og ákvörðunar 2003/565/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

(1) Stjtíð. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 49 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 12.
(2) Stjtíð. ESB L 184, 23.7.2003, bls. 9.
(3) Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 40.
(4) Stjtíð. ESB L 205, 14.8.2003, bls. 16.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 5/2004

**2004/EES/20/05**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2003 frá 5. desember 2003 ([1]).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/81/EB frá 5. september 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum mólínati, þírami og sírami ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/84/EB frá 25. september 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum flúrtamoni, flúfenaseti, joðsúlfúroni, dímetenamíði-p, píkoxýstróbíni, fosþíasati og silþíófami ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32003 L 0081**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/81/EB frá 5. september 2003 (Stjtíð. ESB L 224, 6.9.2003, bls. 29),

– **32003 L 0084**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/84/EB frá 25. september 2003 (Stjtíð. ESB L 247, 30.9.2003, bls. 20).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/81/EB og 2003/84/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 49 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 12.
([2]) Stjtíð. ESB L 224, 6.9.2003, bls. 29.
([3]) Stjtíð. ESB L 247, 30.9.2003, bls. 20.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 6/2004** **2004/EES/20/06**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2003 frá 7. nóvember 2003 (1).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/80/EB frá 5. september 2003 um að taka upp tákn sem sýnir geymsluþol snyrtivara í VIII. viðauka a við tilskipun ráðsins 76/768/EBE (2) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB frá 24. september 2003 um aðlögun að tækniframförum á II., III. og VI. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (3) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 11. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/41/EB) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„12. **32003 L 0080**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/80/EB frá 5. september 2003 um að taka upp tákn sem sýnir geymsluþol snyrtivara í VIII. viðauka a við tilskipun ráðsins 76/768/EBE (Stjtíð. ESB L 224, 6.9.2003, bls. 27).

13. **32003 L 0083**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB frá 24. september 2003 um aðlögun að tækniframförum á II., III. og VI. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (Stjtíð. ESB L 238, 25.9.2003, bls. 23).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/80/EB og 2003/83/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

(1) Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 37 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 28.
(2) Stjtíð. ESB L 224, 6.9.2003, bls. 27.
(3) Stjtíð. ESB L 238, 25.9.2003, bls. 23.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2004/EES/20/07**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 7/2004

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) V. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/1999 frá 17. desember 1999 ([1]).

2) Með ákvörðun nr. 191/1999 var bætt við V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) nýjum ákvæðum um aðlögun á tilteknum sviðum að því er varðaði Liechtenstein, en þessum ákvæðum ber að breyta í samræmi við samninginn um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem var undirritaður í Lúxemborg 14. október 2003.

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/8/EB frá 23. desember 2002 til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 að því er varðar atvinnuframboð og atvinnuumsóknir ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi komi stað textans í 7. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/569/EB) í V. viðauka við samninginn:

„**32003 D 0008**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/8/EB frá 23. desember 2002 til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 að því er varðar atvinnuframboð og atvinnuumsóknir (Stjtíð. EB L 5, 10.1.2003, bls. 16).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/8/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

([1]) Stjtíð. EB L 74, 15.3.2001, bls. 29 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 217.
([2]) Stjtíð. EB L 5, 10.1.2003, bls. 16.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 8/2004** **2004/EES/20/08**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003 ([1]).

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564/EB frá 28. júlí 2003 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 8. lið (tilskipun ráðsins 72/166/EBE):

   „8a. **32003 D 0564**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564/EB frá 28. júlí 2003 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB L 192, 31.7.2003, bls. 23).“

2. Textinn í 4. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/323/EBE), 5. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/43/EBE), 6. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/828/EB) og 7. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/103/EB) 8. liðar (tilskipun ráðsins 72/166/EBE), falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/564/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 53 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 14.
([2]) Stjtíð. EB L 192, 31.7.2003, bls. 23.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2004/EES/20/09**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 9/2004

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. og 101. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2003 frá 7. nóvember 2003 ([1]).

2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 frá 14. mars 2003 ([2]).

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB frá 26. júlí 2002 um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Til þess að framkvæmd samningsins gangi snurðulaust ber að auka við bókun 37 við samninginn þannig að hún taki til hóps til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar sem var komið á fót með ákvörðun 2002/622/EB og jafnframt ber að breyta XI. viðauka í því skyni að gera grein fyrir tilhögun þátttöku í starfi hópsins.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5cg (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/77/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5ch. **32002 D 0622**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB frá 26. júlí 2002 um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (Stjtíð. EB L 198, 27.7.2002, bls. 49).

Tilhögun þátttöku Liechtensteins, Íslands og Noregs í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt að tilnefna í samræmi við 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hóps til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal tilkynna fulltrúunum fundartíma hópsins tímanlega og senda þeim viðeigandi fundargögn.“

2. Eftirfarandi liður bætist við í bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) við samninginn:

„16. Hópur til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2002/622/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 32.
([2]) Stjtíð. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 32 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 21.
([3]) Stjtíð. EB L 198, 27.7.2002, bls. 49.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 10/2004

2004/EES/20/10

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. og 101. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2003 frá 7. nóvember 2003 ([1]).

2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 frá 14. mars 2003 ([2]).

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB frá 29. júlí 2002 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Til þess að framkvæmd samningsins gangi snurðulaust ber að auka við bókun 37 við samninginn þannig að hún taki til evrópsks hóps eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu sem var komið á fót með ákvörðun 2002/627/EB og jafnframt ber að breyta XI. viðauka í því skyni að gera grein fyrir tilhögun þátttöku í starfi hópsins.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5ch (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5ci. **32002 D 0627**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB frá 29. júlí 2002 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (Stjtíð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38).

Tilhögun þátttöku Liechtensteins, Íslands og Noregs í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt að tilnefna í samræmi við 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB áheyrnarfulltrúa til setu á fundum evrópsks hóps eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal tilkynna fulltrúunum fundartíma hópsins tímanlega og senda þeim viðeigandi fundargögn.“

2. Eftirfarandi liður bætist við í bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) við samninginn:

„17. Evrópskur hópur eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2002/627/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 32.
([2]) Stjtíð. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 32 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 21.
([3]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 11/2004** **2004/EES/20/11**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2002 frá 27. september 2002 ([1]).

2) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2001 frá 28. febrúar 2001 ([2]).

3) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2003 frá 7. nóvember 2003 ([3]).

4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) ([4]) skal felld inn í samninginn.

5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) ([5]) skal felld inn í samninginn.

6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ([6]) skal felld inn í samninginn.

7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ([7]) skal felld inn í samninginn.

8) Taka ber tilhlýðilegt tillit til sérstöðu Liechtensteins og smæðar fjarskiptakerfisins í landinu sem gera það að verkum að nauðsynlegt er að bæta sérstökum aðlögunarákvæðum við tilskipanirnar um aðgang og alþjónustu.

9) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB eru felldar úr gildi tilskipanir ráðsins 90/387/EBE ([8]) og 92/44/EBE ([9]), ákvörðun ráðsins 92/264/EBE ([10]) og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB ([11]), 97/13/EB ([12]), 97/33/EB ([13]) og 98/10/EB ([14]), sem eru hluti af samningnum og ber því að fella úr honum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 5ci (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB):

„5cj. **32002 L 0019**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Liechtenstein og innlent stjórnvald þess ríkis skulu leitast við af megni að framfylgja ákvæðum tilskipunar þessarar, en þegar metið er hvernig til hefur tekist skal taka tilhlýðilegt tillit til sérstöðu Liechtensteins og óvenjulegra aðstæðna sem stafa af smæð fjarskiptakerfisins í landinu, gerð markaðarins, litlum fjölda notenda, markaðstækifærum og hættunni á að fara halloka á markaði.

5ck. **32002 L 0020**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21).

([1]) Stjtíð. EB L 336, 12.12.2002, bls. 27 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 61, 12.12.2002, bls. 21.
([2]) Stjtíð. EB L 117, 26.4.2001, bls. 21 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 14.
([3]) Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 32.
([4]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.
([5]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.
([6]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.
([7]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.
([8]) Stjtíð. EB L 192, 24.7.1990, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 165, 19.6.1992, bls. 27.
([10]) Stjtíð. EB L 137, 20.5.1992, bls. 21.
([11]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 51.
([12]) Stjtíð. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15.
([13]) Stjtíð. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32.
([14]) Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24.

5cl. **32002 L 0021**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað orðsins „sáttmálanum" í 2. mgr. 5. gr. komi orðið „samningnum".

b) Í stað orðsins „framkvæmdastjórnin" í 3. mgr. 5. gr. komi orðin „framkvæmdastjórnin, fastanefndin, Eftirlitsstofnun EFTA".

c) Eftirfarandi málsliður bætist við 3. mgr. 7. gr.:

„Upplýsingaskipti milli innlendra stjórnvalda í einstökum EFTA-ríkjum annars vegar og innlendra stjórnvalda í einstökum aðildarríkjum EB hins vegar skulu vera með milligöngu Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar."

d) Eftirfarandi málsliðir bætist við 4. mgr. 15. gr.:

„Að höfðu samráði við innlend stjórnvöld í EFTA-ríkjunum er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að taka ákvörðun þar sem millilandamarkaður tveggja eða fleiri EFTA-ríkja er tilgreindur.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórnin áformar að tilgreina millilandamarkað sem nær bæði til EFTA-ríkis og aðildarríkis EB skulu stofnanirnar vinna saman í því skyni að ná samkomulagi um samhljóða ákvarðanir þar sem tilgreindur er millilandamarkaður sem nær bæði til EFTA-ríkis og aðildarríkis EB. Ákvæði 109. gr. skulu gilda að breyttu breytanda."

5cm. **32002 L 0022**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Liechtenstein og innlent stjórnvald þess ríkis skulu leitast við af megni að framfylgja ákvæðum tilskipunar þessarar, en þegar metið er hvernig til hefur tekist skal taka tilhlýðilegt tillit til sérstöðu Liechtensteins og óvenjulegra aðstæðna sem stafa af smæð fjarskiptakerfisins í landinu, gerð markaðarins, litlum fjölda notenda, markaðstækifærum og hættunni á að fara halloka á markaði.

Stjórnvöld í Liechtenstein skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hvert það atriði sem taka þarf tillit til við beitingu færibreytna, skilgreininga og mæliaðferða sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

Eftir að slík atriði hafa verið tilkynnt er tilnefndum fyrirtækjum heimilt að vísa til þeirra í upplýsingum sem birtar eru samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 11. gr."

2. Textinn í 2. lið (tilskipun ráðsins 90/387/EBE), lið 5a (ákvörðun ráðsins 92/264/EBE), lið 5b (tilskipun ráðsins 92/44/EBE), lið 5c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB), lið 5cb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB) og lið 5cc (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB) falli brott daginn sem ákvörðun þessi öðlast gildi eða 25. júlí 2003, hvort sem síðar verður.

*2. gr.*

Textinn í lið 4i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn falli brott daginn sem ákvörðun þessi öðlast gildi eða 25. júlí 2003, hvort sem síðar verður.

*3. gr.*

Textinn í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB) í X. viðauka við samninginn falli brott daginn sem ákvörðun þessi öðlast gildi eða 25. júlí 2003, hvort sem síðar verður.

*4. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/21/EB og 2002/22/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*6. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 12/2004

2004/EES/20/12

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2003 frá 7. nóvember 2003 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003 frá 16. desember 2002 um hagskýrslur um járnbrautarflutninga ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda á Íslandi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi komi í stað textans í 7. lið (tilskipun ráðsins 80/1177/EBE) í XXI. viðauka við samninginn:

„**32003 R 0091**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003 frá 16. desember 2002 um hagskýrslur um járnbrautarflutninga (Stjtíð. EB L 14, 21.1.2003, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Reglugerð þessi gildir ekki á Íslandi.

b) A-, C-, E-, F-, J- og K-viðauki varða ekki Liechtenstein.“

*2. gr.*

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 91/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 60 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 41.

([2]) Stjtíð. EB L 14, 21.1.2003, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 13/2004** **2004/EES/20/13**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2003 frá 7. nóvember 2003 ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1192/2003 frá 3. júlí 2003 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003 um hagskýrslur um járnbrautarflutninga ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda á Íslandi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í 7. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003) í XXI. viðauka við samninginn:

„ , eins og henni var breytt með:

– **32003 R 1192**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1192/2003 frá 3. júlí 2003 (Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 13)."

*2. gr.*

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1192/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 60 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 41.
([2]) Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 14/2004** **2004/EES/20/14**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2003 frá 7. nóvember 2003 ([1]).

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB frá 24. nóvember 1999 að því er varðar skilgreiningar könnunaratriða, skrána yfir landbúnaðarafurðir, undantekningar frá skilgreiningunum og svæði og héruð er varða kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2002 frá 24. júlí 2002 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB að því er varðar skilgreiningar könnunaratriða, undantekningar frá skilgreiningunum og svæði og héruð er varða kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) í XXI. viðauka við samninginn:

„23a. **32000 D 0115**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB frá 24. nóvember 1999 að því er varðar skilgreiningar könnunaratriða, skrána yfir landbúnaðarafurðir, undantekningar frá skilgreiningunum og svæði og héruð er varða kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum (Stjtíð. EB L 38, 12.2.2000, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– **32002 R 1444**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2002 frá 24. júlí 2002 (Stjtíð. EB L 216, 12.8.2002, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Liður G/05 I d) í I. viðauka gildir ekki í Noregi.

b) Eftirfarandi undirliður bætist við lið H/03 II í I. viðauka:

„4. Ófrjósamt skóglendi og svæði vaxin skógarkjarri.“

c) Eftirfarandi undirliður bætist við lið H/02 II í I. viðauka:

„Að auki er eftirfarandi undanskilið í Noregi:

– Ófrjósamt skóglendi og svæði vaxin skógarkjarri.“

d) Síðasti málsliður liðar J/15 II í I. viðauka gildir ekki í Noregi.

e) Eftirfarandi bætist við skrána í þriðju málsgrein II. liðar undir fyrirsögninni „Landbúnaðarstarfsmenn á bújörðinni“ í lið L (LANDBÚNAÐARSTARFSMENN) í I. viðauka:

| | |
|---|---|
| „Ísland | 16 ár |
| Liechtenstein | 16 ár |
| Noregur | 16 ár“ “ |

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2000/115/EB og reglugerðar (EB) nr. 1444/2002, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 60 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 41.
([2]) Stjtíð. EB L 38, 12.2.2000, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 216, 12.8.2002, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 15/2004** **2004/EES/20/15**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003 ([1]).

2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003 um samþykktir fyrir Evrópusamvinnufélög (SCE) ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 10b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002) í XXII. viðauka við samninginn:

„10c. **32003 R 1435**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003 um samþykktir fyrir Evrópusamvinnufélög (SCE) (Stjtíð. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1435/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 53 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 14.
([2]) Stjtíð. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.